

Atlantsolía ehf
Albert Valur Albertsson
Lónsbraut 2
220 Hafnarfjörður



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 23. apríl 2013
Tilvísun: UST20130200009/gf

Varðar fráveitumælingar í frárennsli olíubirgðastöðvar Atlantsolíu ehf. 2013

Umhverfisstofnun hafa borist niðurstöður fráveitumælinga í frárennsli tveggja olíuskilja í olíubirgðastöð Atlantsolíu ehf. í Hafnafirði. Rannsóknastofa Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði annaðist greininguna. Sýnin voru úrhlotuð með hexani og var lausn af brómóbenseni notuð sem innri staðall. Staðlar voru útbúnir með því að blanda olíuefnum í afjónað vatn og meðhöndla á sama hátt og sýnin. Í míkrogramm af pentan fasanum var síðan greindur í gasgreini.

Niðurstöður mælinganna (sjá meðfylgjandi) sýna að olíuleifar í vatnsstreymi frá stöðinni eru innan þeirra marka sem kröfur eru gerðar um og samþykkir stofnunin því áframhaldandi notkun.

Virðingarfyllt


Sigrún Ágústsdóttir
sviðsstjóri


Gottskálk Friðgeirsson

Afrit:

Heilbrigðisnefnd Hafnafjarðar og Kópavogssvæðis



Reykjavík, 8.4. 2013.

Helgi Hrafnsson
Atlantsolía ehf.
Lónsbraut 2
220 Hafnarfjörður

Rannsókn á olíumengun í vatnssýnum frá Atlantsolíu ehf. RLE 130963

Tvö vatnssýni í fylltum 0,5 líters flöskum, bárust til rannsóknar 4.4.2013. Óskað var eftir greiningu á olíuefnum í sýnunum. Sýnin voru merkt Skilja 1 og Skilja 2.

Sýnin voru úrhlotuð með hexani p.a. (Merck, Þýskalandi) og var lausn af brómóbenseni notuð sem innri staðall. Staðlar voru útbúnir með því að blanda olíuefnum í affjónað vatn og meðhöndla á sama hátt og sýnin. 1 µl af pentan fasanum var síðan greindur í gasgreini (Agilent 5890, súla DB-1, 15 m) með loga-skynjara og sýnin og staðlar borin saman. Greiningarmörk aðferðarinnar eru við u.þ.b. 0,5 ppm fyrir léttari olíuefni eins og bensín og díselolíu, en um 2 ppm fyrir þyngri oliur eins og smuroliur. Óvissa magngreiningar er nokkur þar sem oliuleifar í vatnssýnum eru oft niðurbrottnar eða inngufaðar og því ekki með sömu samsetningu og staðlar sem þær eru miðaðar við. Óvissan er skv. áætlun ekki minni en 20%.

Í sýnunum greindust leifar olíuefna á nánast öllu suðumarksbili jarðolia, mest var á sama bili og terpentína. Í skilju 1 var þó einungis vottur sem reyndist undir magngreiningarmörkum. Samanlagt magn efnanna, ákvarðað miðað við díselolíu var eftirfarandi:

sýni	Styrkur olíuefna mg/kg (ppm)	athugasemdir
Skilja 1	<0,5	
Skilja 2	2,6	Blanda olíuefna

12. apríl 2012

F.h. Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði,


Kristín Ólafsdóttir, deildarstjóri



UMHVERFISSTOFNUN
Mengunarvarnaeftirlit
